

Ár 2014, mánudaginn 10. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp í málinu nr. S-195/2013:

Ákærvaldið

*(Þorbjörg Sveinsdóttir ftr.)*

gegn

Þorgeiri Jósefssyni

*(Jón Sigfús Sigurjónsson hdl.)*

Magnúsi Jónssyni

*(Bjarki Þór Sveinsson hdl.)*

X

*(Ásbjörn Jónsson hrl.)*

Z

*(Eyvindur Sólmes hrl.)*

og

Jóhanni Guðna Hlöðverssyni

*(Björgvín Jónsson hrl.)*

svohljóðandi

**DÓMUR:**

Mál þetta, sem þingfest var 8. maí 2013 og dómtekið 10. febrúar sl., er höfðað með ákæru embættis sérstaks saksóknara, skv. lögum nr. 135/2008, útgefinni 10. apríl

2013 á hendur Þorgeiri Jósefssyni, kt. 000000-0000, Grundartúni 2, Akranesi, Magnúsi Jónssyni, kt. 000000-0000, Brúnastöðum 67, Reykjavík, X, Z og Jóhanni Guðna Hlöðverssyni, kt. 000000-0000, Markarflöt 35, Garðabæ,

„fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum, Þorgeir sem framkvæmdastjóri, Magnús, X og Z sem stjórnarmenn til 21. desember 2009 og Jóhann Guðni sem stjórnarmaður frá 21. desember 2009, einkahlutafélagsins S12 byggingar, kt. 000000-0000, Skeiðarási 12, Garðabæ, með því að hafa:

1. Eigi staðið skil á virðisaukaskýrslu einkahlutafélagsins á lögmæltum tíma vegna uppgjörstímabilsins maí – júní rekstrarárið 2009 og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins, vegna uppgjörstímabilanna maí – júní rekstrarárið 2009 og mars – apríl rekstrarárið 2010, í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 13.077.292 hvað varðar ákærða Þorgeir, samtals að fjárhæð kr. 5.821.147 hvað varðar ákærðu Magnús, X og Z og samtals að fjárhæð kr. 7.256.145 hvað varðar ákærða Jóhann Guðna, sem sundurliðast sem hér greinir:

<i>Uppgjörstímabil: Vangoldinn VSK:</i>	<i>Vangoldinn VSK:</i>	<i>Vangoldinn VSK:</i>	
	<i>hvað varðar</i>	<i>hvað varðar</i>	<i>hvað</i>
<i>varðar</i>			
<i>Þorgeir:</i>	<i>Magnús, X og Z:</i>	<i>Jóhann:</i>	
<b>Árið 2009</b>			
maí - júní	kr. 5.821.147	kr. 5.821.147	kr.
-			
<b>Árið 2010</b>			
mars - apríl 7.256.145	kr. 7.256.145	kr. -	kr.
<b>Samtals 7.256.145</b>	<b>kr. 13.077.292</b>	<b>kr. 5.821.147</b>	<b>kr.</b>

2. Eigi staðið skil á skilagreinum einkahlutafélagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma vegna greiðslutímabilanna maí, júní og júlí

rekstrarárið 2009 og janúar, maí og júní rekstrarárið 2010, og hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna greiðslutímabilanna maí, júní, júlí og nóvember rekstrarárið 2009 og janúar til og með júní rekstrarárið 2010, samtals að fjárhæð kr. 31.380.886, hvað varðar ákærða Þorgeir, samtals að fjárhæð kr. 16.825.575, hvað varðar ákærða Magnús, samtals að fjárhæð kr. 18.159.317, hvað varðar ákærðu X og Z og samtals að fjárhæð kr. 15.399.073, hvað varðar ákærða Jóhann Guðna, sem sundurliðast sem hér greinir:

*Greiðslutímabil:*

<i>Vangoldin</i>	<i>Vangoldin</i>	<i>Vangoldin</i>	<i>Vangoldin</i>
<i>staðgreiðsla:</i>	<i>staðgreiðsla:</i>	<i>staðgreiðsla:</i>	<i>staðgreiðsla:</i>
<i>hvað varðar</i>	<i>hvað varðar</i>	<i>hvað varðar</i>	<i>hvað varðar</i>
<i>hvað varðar</i>			
<i>Þorgeir:</i>	<i>Magnús,</i>	<i>X og Z</i>	<i>Jóhann</i>

### **Árið 2009**

maí	kr. 5.663.672	kr. 5.813.682	kr. 6.137.169	kr.
-				
júní	kr. 4.669.016	kr. 4.819.026	kr. 5.142.513	kr.
-				
júlí	kr. 4.192.686	kr. 4.382.366	kr. 4.718.920	kr.
-				
nóvember	<u>kr. 1.616.094</u>	<u>kr. 1.810.501</u>	<u>kr. 2.160.715</u>	kr.
-				
	kr. 16.141.468	kr. 16.825.575	kr. 18.159.317	kr.
-				

### **Árið 2010**

janúar	kr. 5.080.167	kr.	-	kr.	-
kr. 5.239.822					
febrúar	kr. 3.888.301	kr.	-	kr.	-
kr. 3.888.301					

mars	kr. 1.702.431	kr.	-	kr.	-
kr. 1.702.431					
apríl	kr. 2.337.923	kr.	-	kr.	-
kr. 2.337.923					
maí	kr. 1.827.219	kr.	-	kr.	-
kr. 1.827.219					
júní	<u>kr. 403.377</u>	kr.	-	kr.	-
<u>kr. 403.377</u>					
	kr. 15.239.418	kr.	-	kr.	-
15.399.073					kr.
<b>Samtals</b>	<b>kr. 31.380.886</b>	<b>kr. 16.825.575</b>		<b>kr. 18.159.317</b>	<b>kr.</b>
<b>15.399.073</b>					

Framangreind brot ákærðu samkvæmt 1. og 2. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

- a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 1. tölulið ákæru.
- b) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 2. tölulið ákæru.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærðu neituðu allir sök við þingfestingu málsins. Ákærðu lögðu fram greinargerðir 10. október sl. og kröfðust allir frávísunar málsins frá héraðsdómi. Fór munnlegur málflutningur fram um þá kröfu þann 25. nóvember sl. og var krafan tekin til úrskurðar að honum loknum. Var kröfu ákærðu um frávísun hafnað með úrskurði dómsins hinn 12. desember 2013. Í þinghaldi þann 7. janúar sl. felldi ákæruvaldið niður ákæru á hendur ákærðu X og Z með vísan til forsendna dóms Hæstaréttar Íslands í máli uppkveðnu 12. desember 2013 nr. 354/2013. Við upphaf aðalmeðferðar játaði ákærði Þorgeir sök eins og háttseminni er lýst í ákærulið 2. Fór aðalmeðferð fram þann 10. febrúar sl. og var málið dómtekið að henni lokinni.

### **Málsatvik.**

Málsatvik eru þau að skattrannsóknarstjóri ríkisins sendi mál ofangreindra aðila til embættis sérstaks saksóknara þann 14. nóvember 2011 til rannsóknar á meintum

brotum á ákvæðum laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og eftir atvikum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með áorðnum breytingum. Voru ákærðu Þorgeir Józefsson og Magnús Jónsson kærðir vegna skattaðilans S12 bygginga ehf. Ákærði Þorgeir var skráður framkvæmdastjóri allt það tímabil sem ákæran tekur til. Ákærði Magnús var skráður stjórnarformaður fyrri hluta tímabilsins sem ákært er fyrir eða til 21. desember 2009. Ákærði Jóhann var skráður stjórnarformaður frá þeim tíma og út það tímabil sem ákæran tekur til.

Segir í bréfi skattrannsóknarstjóra að bú S12 bygginga ehf. hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þann 9. september 2010. Tilfni rannsóknar skattrannsóknarstjóra á staðgreiðslu og virðisaukaskattsskilum skattaðilans hafi verið athugun skattrannsóknarstjóra á skilum afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda og innheimts virðisaukaskatts. Rannsóknin hafi formlega hafist 10. mars 2011 með því að tilkynning hafi verið send skiptastjóra þrotabúsins þess efnis að rannsókn væri hafin á skilum á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda vegna greiðslutímabilanna maí, júní, júlí, október, nóvember og desember rekstrarárið 2009 og janúar til og með júní rekstrarárið 2010 og innheimtum virðisaukaskatti vegna uppgjörstímabilanna maí til júní rekstrarárið 2009 og mars til apríl rekstrarárið 2010. Segir í bréfinu að ákærði Þorgeir hafi verið skráður framkvæmdastjóri og prókúruhafi. Ákærði Magnús hafi verið skráður stjórnarformaður frá 30. mars 2009 til 11. desember 2009 en þá hafi ákærði Jóhann Guðni verið skráður stjórnarmaður og ákærði X meðstjórnandi. Við skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins hafi ákærði Þorgeir sagst hafa verið forstjóri S12 bygginga ehf. frá 19. ágúst 2007 þar til bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta. Hafi hann annast daglegan rekstur skattaðila en A S. Kristinsdóttir hafi annast fjármálin. Hafi hún starfað undir stjórn ákærða Þorgeirs. Kvað Þorgeir ákærða Jóhann Guðna hafa verið byggingar- og þróunarstjóra félagsins en ekki komið beint að daglegum rekstri en hafi átt að vera meðvitaður um stöðuna á rekstri félagsins. Þá hafi ákærði Magnús sagst hafa verið framkvæmdastjóri verklegra framkvæmda hjá félaginu tímabilið nóvember 2007 til og með janúar 2010 en ekki komið að daglegum rekstri. Hann hafi verið í höndum ákærða Þorgeirs. Haft var eftir ákærða Magnúsi að ákærði Jóhann Guðni hafi verið með verkefnaöflun og markaðsstarf en hann hafi ekki komið að daglegum rekstri. Þá hafi A Kristinsdóttir annast um fjármál félagsins. Kvað ákærði Magnús það ekki vera rétt að hann hafi verið með prókúru hjá félaginu eins og fram kæmi í gögnum hjá Fyrirtækjaskrá RSK. Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra kvaðst ákærði Jóhann Guðni hafa starfað hjá félaginu og hafi hlutverk hans verið að afla verkefna. Hann hafi aldrei komið nálægt daglegum rekstri né fjármálum hjá félaginu. Ákærði Þorgeir og A hafi alfarið séð um þann þátt. Þá er haft eftir ákærða Jóhanni að ákærði Magnús hafi verið framkvæmdastjóri félagsins og „búið“ til peningana fyrir félagið og hafi þannig komið að fjármálum með ákærða Þorgeiri.

Þá segir enn fremur í bréfinu að rannsókn skattrannsóknarstjóra hafi leitt m.a. í ljós að vanrækt hafi verið, fyrir hönd félagsins, að standa á lögmæltum tíma skil á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda vegna greiðslutímabilanna maí, júní, júlí, október, nóvember og desember rekstrarárið 2009 og janúar til og með júní rekstrarárið 2010 til innheimtumanns ríkissjóðs. Þá hafi verið vanrækt að standa skil á skilagreinum vegna greiðslutímabilanna maí, júní og júlí rekstrarárið 2009 og janúar, maí og júní rekstrarárið 2010. Jafnframt hafi rannsóknin leitt í ljós að vanrækt hafi verið, fyrir hönd félagsins, að standa á lögmæltum tíma skil á

innheimtum virðisaukaskatti til innheimtumanns ríkissjóðs, vegna uppgjörstímabilanna maí til júní rekstrarárið 2009 og mars til apríl rekstrarárið 2010. Þá hafi verið vanrækt, fyrir hönd félagsins, að standa skil á virðisaukaskattsskýrslu á lögmæltum tíma, vegna uppgjörstímabilsins maí til júní rekstrarárið 2009. Þá segir að skattransóknarstjóri ríkisins hafi tilkynnt fyrirverandi fyrirsvarsmönnum félagsins með bréfum þann 1. júní 2011 um fyrirhugaða ákvörðunartöku um refsimeðferð í málinu og leitað eftir því að þeir tjáðu sig um refsimeðferðina.

Samkvæmt gögnum frá skiptastjóra S12 bygginga ehf. hafði félagið ekki verið í rekstri nokkru áður en það var úrskurðað gjaldþrota. Hafði þá Grandabré ehf. tekið við öllum rekstri og keypt allt lausafé af S12 byggingum ehf. Hafði Grandabré ehf. m.a. tekið við bókhaldstölvu S12 bygginga ehf. Grandabré ehf. hafi síðar farið í gjaldþrot og Ris ehf. tekið við rekstri Grandabréar ehf. Kemur fram í tölvupósti skiptastjóra að bróðir ákærða Þorgeirs hafi verið starfsmaður Grandabréar ehf. og getað veitt skiptastjóra upplýsingar um bókhald S12 bygginga ehf. Kvað skiptastjóri bókhaldsgögn S12 bygginga ehf. hafa verið í möppum í geymslu í Garðabæ en hann síðan sett þau á Þjóðskjalasafnið. Grandabré ehf. var úrskurðað gjaldþrota þann 5. maí 2011.

Í gögnum málsins liggur fyrir að ákærði Þorgeir var framkvæmdastjóri Riss ehf. frá 17. ágúst 2007 með prókúru ásamt ákærða Jóhanni Guðna. Nokkrar breytingar urðu á stjórnarsetu og prókúru Riss ehf. á árunum 2007 til og með 1. mars 2010 en þá fékk félagið nýtt nafn, S12 byggingar ehf., og var félagið rekið áfram á sömu kennitölu og Ris ehf., 000000-0000.

Samkvæmt gögnum málsins var skilagrein vegna virðisaukaskatts fyrir tímabilið maí-júní 2009, með eindaga 5. ágúst 2009, skilað 25. september 2009. Skilagrein fyrir tímabilið mars-apríl 2010, með eindaga 7. júní 2010, var skilað þann dag. Inn á skuldina hafa verið greiddar alls 5.355.456 krónur.

Þá var skilagrein vegna afdreginnar staðgreiðslu starfsmanna fyrir maí 2009, með eindaga 15. júní 2009, skilað 16. júní 2009. Skilagrein fyrir júní 2009, með eindaga 15. júlí 2009, var skilað 31. júlí 2009. Skilagrein fyrir júlí 2009, með eindaga 17. ágúst 2009, var skilað 19. ágúst 2009. Skilagrein fyrir október 2009, með eindaga 16. nóvember 2009, var skilað 5. nóvember 2009. Skilagrein fyrir nóvember 2009, með eindaga 15. desember 2009, var skilað 10. desember 2009. Skilagrein fyrir desember 2009, með eindaga 15. janúar 2010, var skilað 14. janúar 2010. Skilagrein fyrir janúar 2010, með eindaga 15. febrúar, var skilað 9. mars 2010. Skilagrein fyrir febrúar 2010, með eindaga 15. mars 2010, var skilað 9. mars 2010. Skilagrein fyrir mars 2010, með eindaga 15. apríl 2010, var skilað 14. apríl 2010. Skilagrein fyrir apríl 2010, með eindaga 17. maí 2010, var skilað 12. maí 2010. Skilagrein fyrir maí 2010, með eindaga 15. júní 2010, var skilað 17. ágúst 2010 og skilagrein vegna júní 2010, með eindaga 15. júlí 2010, var skilað 17. ágúst 2010.

Var því þremur af alls sex skýrslum vegna staðgreiðslu opinberra gjalda skilað eftir eindaga. Allar skilagreinarnar voru án greiðslu. Inn á höfuðstól staðgreiðsluskuldar hafa samtals 26.125.062 krónur verið greiddar.

## Skýrslur fyrir dómi.

Ákærði Þorgeir kom fyrir dóminn og kvaðst aðspurður ekki hafa verið framkvæmdastjóri félagsins heldur hafi hann verið ráðinn sem forstjóri samkvæmt ráðningarsamningi við félagið. Kvaðst hann ekkert hafa haft með það að gera hvernig fyrirtækjaskrá skráði þetta inn hjá sér. Hann hafi skrifað undir tilkynningu til fyrirtækjaskrár um stöðu sína sem framkvæmdastjóri þar sem eyðublaðið byði ekki upp á annað. Ákærði kvaðst hafa kynnt sér skyldur framkvæmdastjóra. Hlutverk hans hjá félaginu hafi verið fólgið í stefnumótun og samskiptum við viðskiptavinum og birgja. A Kristinsdóttir hafi verið ráðin fjármálastjóri félagsins og þau haldið vikulega fundi til að fara yfir mál félagsins. A hafi verið undirmaður ákærða hjá félaginu. Það hafi verið hlutverk Auðar að sjá um skattskil félagsins þar til hún lét af störfum en þá hafi B tekið við að sjá um skattskil. Ákærði kvaðst hafa undirritað skattskil eftir að A hætti. A hafi séð um að skila virðisaukaskattsskýrslum og M hafi tekið við því eftir að A hætti. Þær hafi báðar verið undirmenn hans.

Gögn vegna virðisaukaskattsskila frá maí til júní 2009 og mars til apríl árið 2010 voru borin undir ákærða. Kvað ákærði gögnin stafa frá félaginu en hann hafi ekki komið að skilum á þessum skýrslum. Gerði hann ekki athugasemdir við þau gögn. Ákærði kvað færslur ríkisskattstjóra á árinu 2010 ekki vera í samræmi við bókhald félagsins en kvaðst ekki geta sagt til um það hvernig þetta hafi verið fært af hálfu skattyfirvalda. Ákærði kvaðst hafa sýnt fram á það með óyggjandi hætti að það séu rangar færslur hjá skattstjóra og að ógreiddur virðisaukaskattur félagsins sé að hámarki um 3.700.000 krónur vegna þess tíma sem ákært sé fyrir. Ákærði kvaðst ekki geta svarað því hvers vegna virðisaukaskattsskýrslum hafi verið skilað of seint en A hafi séð um þau skil. Ákærði hafi hins vegar ekki vitað af því á þeim tíma að skýrslum fyrir tímabilið maí og júní 2009 hafi verið skilað of seint en hann hafi vitað að greiðslum fyrir þetta tímabil og mars og apríl 2010 hafi ekki verið skilað.

Ákærði kvaðst hafa borið ábyrgð sem æðsti maður félagsins. Ákærði kvað laun starfsmanna og greiðslur til birgja hafi verið í forgangi, félagið hafi tapað miklum fjárhæðum á þessum tíma og því orðið að forgangsraða hvað var greitt til að halda fyrirtækinu gangandi. Samningar hafi verið við sýslumannsembættið í Hafnarfirði og hafi A séð um það. Aðspurður um það hver eða hverjir hafi tekið ákvörðun um það hvernig ætti að stýra félaginu, hvað hann alla í framkvæmdastjórninni hafi vitað um þetta, ákærða, A og meðákærðu Magnús og Jóhann. Kvað hann framkvæmdastjórnina hafa vitað á þessum tíma að virðisaukaskatti var ekki skilað.

Gögn vegna skila á staðgreiðslu fyrir tímabilin 2009 og 2010 sem ákært er fyrir í ákærulið 2 voru borin undir ákærða. Kvaðst ákærði ekki gera athugasemdir við þær skilagreinar en þær hafi ekki farið um hans hendur. Ákærði kvaðst ekki gera athugasemdir við lista um starfsmenn félagsins en kvaðst ekki geta svarað um það hvort þar séu tilgreind rétt laun þeirra starfsmanna. Ákærði kvaðst ekki geta svarað því hvers vegna skýrslum vegna staðgreiðslu hafi ekki verið skilað á réttum tíma á kærðu tímabili. Ákærði hafi ekki vitað af því að skýrslum var ekki skilað á réttum tíma en hann hafi hins vegar vitað af því að greiðslum var ekki skilað. Ákærði kvað framkvæmdastjórnina hafa vitað að afdreginni staðgreiðslu hafi ekki verið skilað á réttum tíma. Vísaði ákærði til svars síns varðandi virðisaukaskattinn. Framkvæmdastjórnin hafi ætíð fengið upplýsingar um greiðslustöðuna á vikulegum fundum. Meðákærðu Jóhann og Magnús hafi einnig verið upplýstir um að greiðslur

voru á eftir. Aðspurður um það hvort ákærði hafi talið sig bera skyldu til að hafa eftirlit með því að skýrslum væri skilað á réttum tíma kvað ákærði vel geta verið að það megi orða það þannig en hann hafi treyst sínum undirmönnum.

Ástæða þess að félagið hafi verið í skömm með opinber gjöld hafi verið að greiðslur vegna stórra verka eins og frá Korputorgi hafi ekki skilað sér í aðdraganda hrunsins. Þeim hafi verið sagt að opin lánalína væri vegna Korputorgs en þegar að uppgjöri kom hafi þeim verið tilkynnt að þeir gætu fengið 170.000.000 króna í stað 400.000.000, ella fengju þeir ekkert. Félagið hafi einnig verið með stórt verk fyrir Hafnarfjarðarbæ og ekki mátt framleiða meira en fyrir 30-40.000.000 króna á mánuði en þeir reikningar verið greiddir seint og illa og jafnvel ekki verið greiddir. Þá kvað ákærði reikninga hafa verið gefna út, m.a. í mars 2010, og þeir verið kreditfærðir í júlí eða ágúst s.á. þar sem þeir hafi ekki fengist samþykktir. Kvað ákærði þá reikninga hafa fundist í tölvu félagsins og hann loks getað prentað þá út undir rekstri þessa máls. Kvað hann innskattinn hafa verið bókaðan á móti einhverjum kostnaði og álögum hjá ríkisbókhalddi en ekki inn á ógreiddan virðisaukaskatt á tímabilinu mars-apríl 2010 eins og lofað hafði verið. Ákærði kvaðst aðspurður aldrei hafa komist í fylgiskjöl félagsins vegna árána 2009 og 2010 og kvaðst ekki vita hvernig skiptastjóri hafi getað unnið málið. Öll bókhaldsgögn S12 ehf. hafi verið til staðar þegar félagið fór í gjaldþrot og kvaðst ákærði ekki vita hvernig skiptastjóri hafi farið með gögnin.

Virðisaukaskattsskýrsla fyrir tímabilið maí-júní 2009, sem liggur frammi í málinu og er móttækin af skattstjóra 25. september 2009, var borin undir ákærða. Kvað hann A hafa beðið með að skila inn skýrslum ef hún taldi að um innskatt yrði að ræða. Ákærði kvaðst hafa verið ráðinn til félagsins í ágúst 2007, félagið hafi verið með um 200 starfsmenn og veltan árið 2008 eða 2009 hafi verið um þrjú milljarðar. Kvað ákærði að félagið hefði staðið af sér hrúnið ef það hefði fengið útistandandi kröfur greiddar í kjölfar hrunsins.

Ákærði kvað stjórnarfundir hafa verið haldna þegar þörf var talin á því. Ákærði kvaðst aðspurður hafa borið ábyrgð á rekstri félagsins sem framkvæmdastjóri en A hafi verið hans undirmaður en ákærði hafi borið ábyrgð á henni. Þá kvað ákærði sér hafa verið ljóst að virðisaukaskattur og afdregin staðgreiðsla hafi verið vörsluskattar eða svokölluð „rimlagjöld“. Ítrekaði hann að allir í framkvæmdastjórninni hafi verið upplýstir um stöðuna á rimlagjöldunum.

Ákærði kvað skipurit fyrirtækisins hafa verið þannig að stjórn félagsins hafi verið sinn yfirmaður, en stjórnarmenn hafi einnig verið undirmenn sínir. Framkvæmdastjórafundir hafi verið haldnar vikulega á mánudagsmorgnum. A hafi ætíð farið yfir fjármál fyrirtækisins í byrjun funda. Farið hafi verið yfir skuldir við innheimtumann ríkissjóðs. Síðan hafi meðákærði Magnús farið yfir stöðu sinna verka. Síðan hafi ákærði farið yfir stöðu sinna mála og loks hafi Jóhann farið yfir stöðu sinna mála. Ákærði kvaðst hafa stýrt framkvæmdastjórafundunum og A ritað fundargerðir en ákærði ritað fundargerðir á stjórnarfundum. Stjórnarformaður hafi stýrt fundum stjórnarfundna. Ákærði hafi boðað til stjórnarfundna í samráði við stjórnarformann. Aðspurður kvað ákærði að rætt hafi verið um skuld við ríkissjóð á stjórnarfundum og ítrekað á framkvæmdastjórafundum. Ákærði kvað þessa stöðu ætíð hafa verið rædda og þá á árinu 2009. Félagið hafi verið komið í vanskil með vörsluskatta í byrjun árs 2009 og í mars 2009, þegar félagið fékk greiddar eitt hundrað og sjötíu milljónir frá Stekkjarbrekku, hafi vanskil verið gerð upp.

Ákærði Magnús Jónsson kom fyrir dóminn og kvaðst hafa gengið úr stjórn S12 ehf. 14. desember 2009 en hann geti ekki svarað fyrir það hvenær einhver stofnun skráir slíkar upplýsingar hjá sér. Ákærði kvaðst ekki hafa kynnt sér neinar skyldur er hvíldu á stjórnarmönnum almennt. Ákærði kvaðst hafa stýrt verklegum framkvæmdum og tæknideild hjá félaginu en fjármálastjórn hafi verið í höndum forstjóra, enda yfirmaður þeirra deildar sem sá um fjárreiður. Ákærði kvaðst vita það núna að M hafi undir það síðasta skilað skýrslum en fjármálastjórinn, A, hafi borið ábyrgð á greiðslum. Ákærði kvaðst ekki hafa neinar forsendur til að gagnrýna virðisaukaskattsskýrslu frá 25. september 2009, hann hafi ekki séð þá skýrslu fyrir en við rannsókn málsins. Þá kvaðst ákærði ekki geta sagt neitt til um staðgreiðsluskýrslur sem liggja fyrir í málinu, hann hafi ekki séð þau gögn fyrir en undir rekstri málsins. Spurður um starfsmannalista, sem liggja fyrir í málinu, kvaðst ákærði ekki hafa þekkt alla starfsmenn og laun þeirra hafi verið trúnaðarmál. Ákærði kvaðst ekki vita af hverju staðgreiðsluskattur skilaði sér ekki á réttum tíma, hann hafi vitað að félagið var í peningavandræðum en ekki vitað í hverju það fólst. Um framburð ákærða hjá lögreglu um að hann hafi lýst því að fundir hafi verið haldnir reglulega og þeir upplýstir um stöðu virðisaukaskatts, kvað ákærði það rétt að fundir hafi verið haldnir um stöðu virðisaukaskatts en ekki um að þeir skulduðu hann. Ákærði kvaðst vita að það hafi verið samkomulag við sýslumann og þeim stundum sagt hver staðan væri varðandi það en ákærði myndi aðeins eftir einum fundi þar sem talað var um fjárhæðir og þeim sagt að það vantaði „X“ milljónir til að ganga frá uppgjöri við sýslumann. Þessir fundir hafi verið til upplýsinga, þar sem ákærði hafi upplýst um stöðu á rekstri þeirra verka sem hann stýrði, A hafi upplýst þá um stöðu fjármála, Jóhann hafi upplýst um það sem hann gerði og Þorgeir hafi haldið utan um þetta. Ákærði kvað framburð sinn hjá lögreglu um að hann hafi vitað um stöðuna hafa átt við árið 2010, þegar fyrirtækið var að fara í þrot. Ákærði hafi vitað um vanskil á virðisaukaskatti á árinu 2009, að röng skýrsla hafi verið send inn, en meira hafi hann ekki vitað. Ákærði kvað það rangt hjá meðákærða Þorgeiri, að allir ákærðu hafi verið upplýstir á framkvæmdastjórafundum um vanskil á sköttum, Þorgeir sjálfur hafi ekki einu sinni vitað um skattskilin. Þeir hafi vitað að þeir voru í fjárþröng en að það vantaði 3.700.000 krónur, sem yrðu ekki borgaðar akkúrat núna, hafi þeir ekki verið upplýstir um. Hver um sig hafi sinnt sínum verkum en þeir reynt að hittast og upplýsa hver annan um stöðuna. Ákærði kvað rétt að þeir hafi vitað um fjárskort hjá félaginu en það hafi verið ákvörðun Þorgeirs að láta launagreiðslur og greiðslur til birgja hafa forgang. Sú ákvörðun hafi aldrei verið borin undir þá, ákærði myndi eftir einum fundi þar sem rætt hafi verið um að það vantaði átta milljónir til að standa við samninga við sýslumann en meira hafi ákærði ekki vitað. Ákærði kvað hrun hafa orðið í landinu og félagið hafi hitt mjög illa inn í hrúnið. Búið væri að afskrifa marga milljarða hjá einstökum fyrirtækjum en ekki hjá þeim. Ákærði kvaðst vita að fyrirtækið hafi verið í vanskilum við sýslumann eins og öll önnur fyrirtæki hafi verið.

Ákærði var inntur eftir skilagreinum staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir tímabilið maí, júní og júlí 2009, og kvaðst ákærði ekkert vita um það hvort þeim skilagreinum hafi verið skilað á réttum tíma. Fjármálastjórinn hafi borið ábyrgð á að þeim skilagreinum væri skilað á réttum tíma en ákærði hafi ekki komið nálægt því. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað hversu mikið væri ógreitt af staðgreiðslu, hann hafi bara vitað að það væru vanskil.

Bréf lögmanns meðákærða Þorgeirs til skattrannsóknarstjóra frá 23. maí 2011 var borið undir ákærða. Var ákærði inntur eftir því að tekið er fram í bréfinu að ákærða og meðákærða hafi verið fullljós staða félagsins gagnvart ríkissjóði. Kvað ákærði þessa vitneskju þeirra eiga við árið 2010 en það ár hafi þeir verið upplýstir um stöðu virðisaukaskatts. Meðákærði Jóhann hafi mætt sjaldan á þessa fundi, hann hafi yfirleitt verið annars staðar, en þetta eigi við árið 2010.

Ákærði kvaðst hafa komið að samþykkt reikninga félagsins en hann hafi ekki séð um bókhald eða haft aðgang að því. Ákærði hafi þurft að samþykkja reikninga sem komu til félagsins til greiðslu en hann hafi ekki séð um að greiða reikningana. Ákærði kvaðst ekki hafa haft neitt boðvald yfir fjármálastjóra eða bókara félagsins. Ákærði kvaðst aðspurður muna það að velta fyrirtækisins hafi verið um fjórir milljarðar á árinu 2008. Á árinu 2009 hafi starfsfólki verið fækkað um 80% auk þess sem veltan hafði farið niður að sama skapi. Meðaltekjur hafi því lækkað verulega eða úr þrjú hundruð og fimmtíu til fjögur hundruð milljónum á mánuði niður í þrjátíu til fjörutíu milljónir. Félagið hafi fengið kjaftshögg í október vegna virðisaukaskatts sem var ógreiddur, yfir tuttugu milljónir, sem hefði ekki verið neitt mál að greiða í desember, þegar veltan var yfir fjögur hundruð milljónir í mánuði, en þeir hafi verið að fá þetta í hausinn þegar veltan var komin niður í tuttugu og fimm til þrjátíu milljónir á mánuði. Þess vegna hafi vandamálin magnast svo gríðarlega upp.

Ákærði kvaðst hafa eytt sumrinu í að leita að bókhaldi Riss ehf. vegna þessa máls, en bókhaldsgögnin hafi verið komin á Þjóðskjalasafn. Ákærði hafi ekki fundið þar neitt af þeim gögnum sem sýndu fram á skattskil félagsins.

Ákærði kvað meðákærða Jóhann hafa haft það hlutverk að leita að verkefnum fyrir félagið. Meðal annars hafi þeir verið með verkefni fyrir Álftaneshrepp og ekki fengið greiðslur, um sex hundruð milljónir hafi tapast þar. Kvað ákærði meðákærða ekki hafa komið að verkefnastjórnun, enda hafi það ekki verið hans verkvið. Ákærði kvað meðákærða Jóhann ekki hafa komið neitt að fjármálastjórn félagsins í tíð ákærða Magnúsar en hann hafi gert það áður en ákærði Magnús kom í fyrirtækið. Meðákærði Þorgeir hafi borið ábyrgð á fjármálum fyrirtækisins en undirmenn hans hafi verið fjármálastjórinn A, B bókari og launadeildin þar sem M sá um launaútreikninga.

Ákærði kvað það hafa verið um mánaðamótin október/nóvember, þegar verið var að vinna að níu mánaða uppgjöri, að upp kom að mistök höfðu verið gerð með skil á virðisaukattsskýrslu en það hafi verið lagfært. Kvað ákærði að þegar ljóst var að félagið stefndi í þrot þá hafi meðákærði Þorgeir haldið þeim vel upplýstum um stöðuna en meðákærði Jóhann hafi verið óduglegur að mæta á fundi. Kvað ákærði þetta hafi verið um áramótin 2009/2010. Ákærði hafi ekki sett sig sérstaklega inn í ógreiddan virðisaukaskatt fyrir tímabilið mars til apríl 2010 en meðákærði Þorgeir örugglega upplýst þá um stöðuna. Á þeim tíma hafi þeir fengið upplýsingar um stöðuna nánast daglega. Meðákærði Þorgeir hafi á þessum tíma verið að berjast við að greiða þessa skuld upp. Ákærði kvaðst ekki muna til þess að rætt hafi verið á fundi að skuldin hafi verið uppgerð, en ákærði hafi talið að skuldin væri í kringum þrjár milljónir. Ákærði kvaðst meðvitaður um að umrædd gjöld væru vörsluskattar.

Ákærði kvað Þorgeir hafa ráðið sig sem starfsmann hjá fyrirtækinu og hafi engu breytt með það eftir að hann tók við stjórnarsetu í félaginu. Ákærði kvaðst, aðspurður, hafa fengið upplýsingar um vanskil á virðisaukaskatti í október/nóvember 2009 þegar þeir hafi fengið upplýsingar um að félagið skuldaði yfir tuttugu milljónir vegna desember 2008. Ákærði kvað engin vanskil hafa verið í maí og júní 2009 á virðisaukaskatti. Ákærði kvaðst ekki muna hvort um þessi vanskil hafi verið rætt á stjórnarfundum, hvorki virðisaukaskattur né staðgreiðsla, en hann hafi fengið upplýsingar um að vanskil hafi verið á samkomulagi við sýslumann. Mundi ákærði eftir því að rætt hafi verið um að það vantaði um átta milljónir til að standa í skilum við sýslumann.

Ákærði Jóhann Guðni Hlöðversson gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Ákærði kvað það rétt að hann hafi verið í stjórn S12 bygginga ehf. frá 21. des. 2009. Ákærði kvaðst ekki hafa kynnt sér sérstaklega skyldur stjórnarformanns eða stjórnarmanns einkahlutafélags. Kvaðst ákærði hafa mest unnið við öflun verkefna úti í bæ en fjármálastjórnin hafi verið A og hennar yfirmaður. Kvað hann meðákærða Þorgeir hafa borið ábyrgð á fjármálastjórn fyrirtækisins. Virðisaukaskattsskýrsla vegna mars til apríl 2009 var borin undir ákærða og kvaðst hann ekkert kannast við þá skýrslu. Þá voru staðgreiðsluskilagreinar bornar undir ákærða. Kvaðst hann ekki rengja þau gögn en hann hafi ekki komið nálægt þeim á sínum tíma. Ákærði kvaðst ekki rengja starfsmannalista sem er í gögnum málsins en hann hafi enga hugmynd um launakjör starfsmanna. Meðákærði Þorgeir og A hafi séð um yfirlit yfir laun starfsmanna. Þá kvaðst ákærði ekki hafa neinar forsendur til að gagnrýna hreyfingalista yfir greiðslur félagsins til sýslumanns, hann hafi ekki séð þessa lista. Ákærði taldi að fjármálastjórnin hafi átt að standa skil á virðisaukaskattsskýrslum og greiðslum hans. Ákærða hafi orðið vanskilin á vörslusköttum ljós í lokin og að meðákærði Þorgeir hafi verið að reyna borga og borga. Kvaðst ákærði ekki muna hvort vanskil vörsluskatta hafi verið rædd á fundum framkvæmdastjóra. Þá kvað hann rétt að meðákærði Þorgeir hafi borið ábyrgð á fjármálum fyrirtækisins. Hvort A hafi haft sjálfstæða heimild til að ákveða að skila ekki virðisaukaskatti, vissi ákærði ekki. Þá kvaðst ákærði ekki geta svarað neinu um skil á staðgreiðsluskilagreinum né greiðslum samkvæmt þeim. Ákærði sagði að þegar hann kom inn í stjórn félagsins hafi hann spurt meðákærða Þorgeir hvort vanskil væru á vörslusköttum, og hafi Þorgeir sagt sér að allt væri í góðu lagi. Þess vegna hafi ákærði samþykkt að fara í stjórn félagsins. Ákærði kvað sér ekki hafa verið greint frá því að virðisaukaskatti hafi ekki verið skilað fyrir mars til apríl 2010. Sú umræða hafi hins vegar komið upp að verið væri að græja einhverja reikninga og hafi meðákærði Magnús Jónsson sagt sér frá því. Ákærði hafi ekki verið á öllum fundum en rætt hafi verið um skuld sem verið væri að greiða.

Ákærði kvaðst, aðspurður um vikulega framkvæmdastjórafundum og stöðu félagsins gagnvart ríkissjóði, ekki muna þá svo glögg, en hann myndi að hann og meðákærði Magnús hafi rætt þetta og að verið væri að berjast við að ganga frá einhverju. Ákærði kvaðst ekkert hafa vitað um vanskil vörsluskatta á árinu 2009 og myndi ekki hvort meðákærði Magnús hafi rætt þau við sig. Ákærði kvað meðákærða Magnús hafa verið meira á skrifstofunni en ákærði en hann hafi einnig verið úti í bæ á fundum. Ákærði kvað að um hafi verið rætt í lokin, undir gjaldþrot félagsins, að verið væri að reyna að ná inn peningum til að standa skil á skuldum.

Ákærði var inntur eftir því hver hefði ráðið meðákærða Þorgeir. Kvað ákærði fyrrverandi eiganda, Engilbert, hafa ráðið Þorgeir til starfa. Ákærði hafi verið yfirmaður yfir öllu fyrirtækinu, S12 bygginga ehf. og Riss ehf. Ætíð hafi verið lítið á Þorgeir sem forstjóra.

Vitnið X kom fyrir dóminn og kvað rétt að það hafi verið skráð stjórnarmaður til 14. desember 2009 en tilkynningin hafi verið send til fyrirtækjaskrár 21. desember 2009. Aðkoma vitnisins að rekstri félagsins hafi ekki verið nein og stjórnarfundir verið mjög stopulir á þessum tíma. Skuldastaða og vanskil á vörslusköttum hafi ekki verið rædd á stjórnarfundum. Skattskil félagsins hafi verið í höndum fjármálastjóra félagsins Auðar og hafi hún starfað undir stjórn forstjóra félagsins, ákærða Þorgeirs. Þorgeir hafi haft yfirumsjón með daglegum rekstri félagsins og kvaðst vitnið ekki geta sagt til um verkaskiptingu á milli hans og Auðar. Vitnið kvað ákærða Magnús lítið sem ekkert hafa komið að skattskilum félagsins og séð um framkvæmdir og verkstöðu félagsins. Eins hafi verið með ákærða Jóhann, hann hafi fyrst og fremst séð um verkefnaöflun fyrir félagið. Vitnið kvað skil á skilagreinum vegna staðgreiðslu hafa verið á höndum Þorgeirs og Auðar en þekkti ekki til hvort skattskil hafi verið að einhverju leyti í höndum Magnúsar en taldi að þau hafi ekki verið í höndum Magnúsar eða Jóhanns.

Vitnið kvaðst vita að félagið hafi tapað miklum fjármunum á verkum, t.d. á Korputorgi. Vitnið kvað líklegt að félagið hafi tapað kröfum á þessu tímabili og viðsemjendur félagsins hafi hrasað fjárhagslega eins og síðar urðu örlög Riss ehf. Vitnið kvað fyrir liggja í gögnum málsins að samkomulag hafi verið við innheimtumann ríkissjóðs vegna vanskila á opinberum gjöldum og vissi vitnið að Þorgeir hafði unnið að því hörðum höndum að standa skil á opinberum gjöldum, sem vitnið taldi víst að hafi grundvallast á samkomulagi. Vitnið var spurt hvort röng virðisaukaskýrsla hafi farið til sýslumanns fyrir mistök og því komið fram að ógreidd virðisaukaskattsskuld hafi verið við innheimtumann ríkissjóðs. Kvaðst vitnið muna eftir því að það hafi gerst en mundi ekki hvenær þetta hafi verið. Þá hafi félagið verið að taka þátt í opinberu útboði og þurft að vera skuldlaust við innheimtumann ríkissjóðs. Minnti vitnið að sú yfirlýsing hafi legið fyrir en hún sé ekki í gögnum málsins. Vitnið mundi ekki fjárhæðir varðandi þetta. Vitnið kvað ákærða Þorgeir hafa verið ráðinn sem forstjóri félagsins en hann hafi sinnt sömu starfsskyldum og framkvæmdastjóri. Vitnið kvaðst ítreka að nánast engir stjórnarfundir hafi verið þegar vitnið var í stjórn félagsins. Þá hafi ekki verið haldnir stjórnarfundir þegar ákærði Magnús var með honum í stjórn, þar sem sérstaklega hafi verið rætt um skattstöðu félagsins. Vitnið kvaðst hafa farið í stjórn félagsins þar sem hann hafi verið lögmaður félagsins á sínum tíma. Eigendur félagsins hafi allir verið í rekstrinum, fyrri eigandi félagsins hafi verið farinn að trufla reksturinn verulega og því hafi verið ákveðið að skipta um stjórn.

Vitnið Z kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið í stjórn félagsins og kvaðst hafa verið í stjórn S12 bygginga ehf. fram í desember 2009. Hafi vitnið ekki haft neina aðkomu að rekstri félagsins og stjórnarfundir verið fátíðir. Þá kannaðist vitnið ekki við að vörsluskattar félagsins hafi verið ræddir á stjórnarfundum. Taldi vitnið að skattskil hafi verið á ábyrgð Þorgeirs Jósefssonar en fjármálastjórinn, A, hafi komið að framkvæmd skattskila. Vitnið kvaðst ekki þekkja til þess hvort ákærðu Magnús og Jóhann hafi komið að skattskilum fyrirtækisins. Kvað vitnið að Þorgeir hafi verið framkvæmdastjóri og séð um skrifstofuhaldið, A hafi verið fjármálastjóri

og Magnús séð um framkvæmdir. Þorgeir, Magnús og Jóhann hafi verið saman í framkvæmdastjórn og annast rekstur félagsins frá degi til dags. Kvað vitnið stjórnarfundum hafa verið haldna í stjórnartíð sinni og hafi Þorgeir stýrt þeim fundum. Mundi vitnið ekki til þess að vanskil vörsluskatta hafi verið rædd á þessum fundum. Vitnið kvaðst hafa komið í stjórn félagsins á vegum VB fjárfestingarbanka til að gæta hagsmuna bankans.

Vitnið H kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið skipaður skiptastjóri þrotabús S12 bygginga ehf. Aðspurtt kvað vitnið félagið hafa haldið bókhald en það hafi verið í tölvu í Garðabæ þegar vitnið var skipaður skiptastjóri. Grandabru ehf. hafi verið tekið við rekstri að einhverju leyti og tölvur og bókhald félagsins verið komið þangað. Kvaðst vitnið hafa beðið um bókhaldsgögn og fengið þau gögn sem hann þurfti á að halda vegna þrotabúsins. Hann hafi látið pakka öðrum bókhaldsgögnum sem voru í geymslu í Garðabæ og komið þeim á Þjóðskjalasafn. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um nein önnur gögn sem tilheyrðu þrotabúinu. Kvaðst vitnið hafa gengið í að innheimta ógreiddar samningsgreiðslur vegna seldra íbúða en vitnið kvaðst ekki minnst tapaðra krafna.

Vitnið A kom fyrir dóminn og kvaðst hafa starfað sem fjármálastjóri hjá Risi ehf. og síðar S12 byggingum ehf. Ákærði Þorgeir hafi verið hennar yfirmaður. Vitnið kvaðst hafa starfað hjá félaginu frá nóvember 2007 og hætt störfum 30. apríl 2010. Kvaðst vitnið ætíð hafa séð um skil á virðisaukaskattsskýrslum félagsins utan þess er vitnið var í fríi. Þá hafi aðrir starfsmenn, B og fleiri, séð um skattskil. Virðisaukaskattsskil fyrir tímabilið maí til júní 2009 voru borin undir vitnið og kannaðist vitnið við skilagrein virðisaukaskattsins. Kvað vitnið skattskil ætíð hafa verið byggð á bókhaldi félagsins. Vitnið kvað sér hafa verið kunnugt um að félagið hafi verið í vanskilum með opinber gjöld eftir bankahrunið og verið í sambandi við innheimtudeild sýslumanns vegna þess. Vitnið kvaðst ekki hafa tekið ákvörðun persónulega um að skila ekki opinberum gjöldum. „Pyngjan“ hafi verið látin ráða því hvaða gjöld hefðu forgang. Vitnið kvað félagið hafa innheimt virðisaukaskatt og staðgreiðslu og gert ráð fyrir ákveðnum greiðslum, en það hafi ekki staðið steinn yfir steini og stórir viðskiptamenn svikið þau um greiðslur. Þau hafi sett launagreiðslur og greiðslur til birgja í forgang því að ef laun hefðu ekki verið greidd þá hefði ekki verið hægt að halda starfsemi gangandi. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um það hver hafi tekið ákvörðun um það hvaða gjöld væru sett í forgang. Hugsanlega hafi vitnið tekið einhverjar ákvarðanir og hugsanlega einhverjir aðrir en langt sé um liðið og vitnið hafi ekki verið spurtt út í þetta í mörg ár. Ef laun hefðu ekki verið greidd, væri ljóst að fyrirtækið hefði farið í þrot. Vitnið kvaðst hafa farið reglulega til sýslumanns til að semja um greiðslur eftir að þetta ástand varð og ef ekki var hægt að standa við samkomulagið þá hafi vitnið farið aftur og skýrt út stöðu félagsins. Vikulegir framkvæmdastjórafundir hafi verið haldir og þar hafi staða félagsins verið rædd. Fundargerðir hafi verið ritaðar. Þau hafi einnig rætt saman á göngum fyrirtækisins fyrir utan framkvæmdastjórafundina. Fjármál félagsins hafi verið rædd svo og vörsluskattar og hafi vitnið gert grein fyrir stöðu félagsins gagnvart sýslumanni. Vitnið taldi að ekki hafi verið farið út í smáatriði á þessum fundum en bæði virðisaukaskatturinn og staðgreiðsla opinberra gjalda hafi verið rædd. Í dag gæti vitnið ekki sagt hversu oft þetta hafi verið rætt. Í einhver skipti hafi vitnið verið beðið um nánari útlistun á stöðunni en vitnið kvaðst ekki muna um hvað það snerist. Staðgreiðslufirlit voru borin undir vitnið og kvaðst það reikna með að skýrslurnar byggðust á upplýsingum úr bókhaldskerfi félagsins.

Vitnið kvaðst hafa farið inn á heimasíðu RSK og skoðað staðgreiðsluskil, vegna reksturs þessa máls, og hafi það komið vitninu í opna skjöldu þegar það sá síðbúin staðgreiðsluskil á árinu 2009 og framan af árið 2010. Vandamál sé að engar aðvaranir komi þegar staðgreiðsluskýrslum sé skilað of seint. Vitnið hafi vitað um vanskilin en ekki um þessi síðbúna skil skýrslna og hafi launafulltrúinn ekki farið að þeim fyrirmælum sem honum voru gefin um að skila skilagreinum á réttum tíma. Vitninu hafi orðið ljós þessi síðbúna skil í febrúar 2010, þegar það fór að vinna að ársuppgjöri ársins 2009, með launafulltrúanum. Ef vitnið hefði haft upplýsingar um þessi síðbúna skil á skilagreinum, hefði vitnið gripið fyrir inn í. Vitnið kvaðst hafa stjórnað fjármálunum á þeim tíma sem ákært er fyrir og hafi greint stjórninni frá vanskilunum. Vitnið kvað, aðspurt, að um leið og ljóst var um vanskilin á opinberum gjöldum, hafi vitnið farið til sýslumanns og samið um greiðsluáætlun. Ef vanskil hafi orðið á samningnum hafi vitnið ætíð farið til sýslumanns og gert honum grein fyrir breyttum forsendum á greiðslugetu þeirra. Vitnið kvað ákærða Þorgeir hafa lagt mikla áherslu á að samkomulagið við sýslumann stæðist. Vitnið, Þorgeir og Magnús hafi rætt þessi mál en ákærði Jóhann hafi haft minni áhuga á þessum málum, hann hafi haft meiri áhuga á framkvæmdahliðinni.

Vitnið var spurt út í hvort virðisaukaskattskýrslu hafi verið skilað of seint, og kvaðst vitnið muna að skýrslu hafi verið skilað inn einum degi of seint og einnig annarri sem hafi verið skilað einum mánuði of seint. Skýrslan sem hafi verið skilað degi of seint hafi verið fyrir tímabilið janúar til febrúar 2009 og skýrslan sem skilað var mánuði of seint hafi verið fyrir maí-júní 2009. Vitnið kvaðst muna vel eftir skilunum degi of seint en ekkert eftir skýrslu sem fór mánuði of seint til sýslumanns. Vitnið kvaðst ætíð hafa talið að ef það væri að skila kreditskýrslum, þá hafi það haft um mánaðarfrest til þess. Vitnið taldi þetta minnisleysi sitt geta stafað af því að það hafi átt að vera inneignarskýrsla. Vitnið hafi farið í frí 26. ágúst til 14. september 2009. Taldi vitnið að umsvif fyrirtækisins hafi verið mikil og það verið eitt af fimm stærstu fyrirtækjum landsins. Strax eftir bankahrunið hafi starfsmönnum, sem hafi verið undirverktakar, verið sagt upp, um tvö hundruð manns. Þá hafi félagið reynt að skila dýrri lóð til Kópavogsbæjar sem það hafði átt til margra ára. Félagið hafi átt von á að fá eitthundrað og sextíu milljónir greiddar fyrir lóðina en fengið eitthundrað og tólf milljónir fyrir hana. Vitnið kvað sér hafa sviðið mjög þegar félagið var svikið um greiðslur, sérstaklega þegar um opinbera aðila hafi verið að ræða. Hafnarfjarðarbær hafi svikið félagið um háar fjárhæðir. Vitnið kvað bókhald félagsins hafa verið vel fært og mikill metnaður lagður í bókhaldið, bæði hjá stjórnendum Riss ehf. og síðar S12 ehf. Vitnið kvaðst ekki muna hvernig staðan hafi verið með útistandandi kröfur sem S12 byggingar hafi átt eftir bankahrunið. Vitnið kvaðst hafa bæði sent virðisaukaskattskýrslur rafrænt en einnig handskrifaðar skýrslur þegar um leiðréttingarskýrslur var að ræða. Aðspurt um innborgun upp á fjórar milljónir til tollyfirvalda án þess að hafa skilað virðisaukaskýrslu, kvað vitnið það mögulegt og að skýrslunni hafi verið skilað síðar. Vitnið taldi að fyrstu vanskil félagsins hafi verið um haustið 2008 eða í byrjun árs 2009. Þá kvað vitnið félagið ætíð hafa staðið við það samkomulag sem gert hafi verið við sýslumann vegna vanskila á vörslusköttum og opinberum gjöldum.

Vitnið kvað ákærðu Þorgeir, Magnús og Jóhann og sig hafa setið framkvæmdastjórafundi. Þá kvað vitnið innheimtan virðisaukaskatt og afdregna

staðgreiðslu starfsmanna ekki hafa verið haldið sérgreindu, heldur hafi því verið blandað saman við annað fé félagsins.

Vitnið B, bróðir ákærða Þorgeirs, gaf símaskýrslu fyrir dóminum og kvaðst hafa starfað fyrir Ris ehf. frá mars 2007 fram á mitt ár 2010 en þá hafi hann farið að vinna hjá Grandabru ehf. Kvaðst vitnið hafa fært bókhald fyrir Ris ehf. Kvaðst vitnið hafa skilað virðisaukaskattskýrslum eftir að fjármálastjóri félagsins hætti í júní 2010. Taldi vitnið fjármálastjórann hafa verið sinn yfirmann. Vitnið kvaðst hafa vitað um ákveðna erfiðleika í rekstri félagsins sem leiddu til þess að það dróst að greiða virðisaukaskatt fyrir tímabilin maí-júní 2009 og mars-apríl 2010. Vitnið kvaðst ekki vita hver hafi tekið ákvörðun um að draga þær greiðslur. Vitnið kvaðst fyrst og fremst hafa fært til bókar þau skjöl sem það hafi fengið inn á borð til sín. Vitnið taldi að virðisaukaskýrslur sem skilað var hafi gefið rétta mynd af veltu félagsins á umræddu tímabili. Hvað varðar staðgreiðslu í maí, júní, júlí og nóvember 2009 og janúar til júní 2010, kvaðst vitnið hafa séð þegar skýrslurnar voru bókfærðar að þær samrýmdust ekki efnahagsreikningi félagsins. Vitnið kvaðst ekkert hafa með fjárreiður hjá félaginu að gera og ekki vita hver hafi tekið ákvörðun um að skila ekki opinberum gjöldum. Vitnið var innt eftir því hvort það hafi óskað eftir því að inneignarskýrsla fyrir tímabilið júlí og ágúst 2010 yrði færð inn á tímabil mars-apríl 2010 en við því hafi ekki orðið heldur verið færð inn á eldra tímabil, kvaðst vitnið geta staðfest að það hafi óskað eftir þessu en við því hafi ekki verið orðið. Vitnið kvaðst hafa séð kvittanir frá sýslumanninum í Hafnarfirði og þar komið fram inn á hvaða tímabil var verið að greiða en vitnið séð síðar að Fjárýsla ríkisins hafði fært umræddar greiðslur á annan veg. Vitnið kvað ætlun félagsins hafa verið að hafa tímabilið mars-apríl 2010 hreint. Skattaðilinn hefur þegar hlotið refsimeðferð og ótækt að viðhalda tvöfaldri refsingu. Engin rannsókn fór fram á töpuðum kröfum.

### **Forsendur og niðurstöður.**

#### *Ákæruliður 1.*

Ákærðu töldu að vísa ætti málinu frá dómi þar sem lýsing á háttsemi í 1. lið ákærunnar væri vanreifðuð en eingöngu væri vísað til þess að ákærðu hefðu ekki staðið skil á tilgreindum skatti í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Um þetta er að segja að margdæmt er um þessa lýsingu í ákæru sem staðfest hefur verið í dómum Hæstaréttar Íslands. Verður, af þeirri ástæðu, þessi málsástæða ekki reifuð frekar og henni hafnað.

Ákærðu Þorgeir, sem framkvæmdastjóri S12 bygginga ehf., og Magnús, sem stjórnarformaður félagsins, eru ákærðir fyrir þá háttsemi að hafa ekki skilað virðisaukaskattskýrslum né greiðslum samkvæmt þeim fyrir tímabilið maí-júní 2009, en Magnús var stjórnarformaður á þeim tíma. Þá eru ákærðu Þorgeir og Jóhann ákærðir fyrir að hafa ekki greitt virðisaukaskatt samkvæmt innsendri skýrslu vegna tímabilsins mars-apríl 2010, en Jóhann var stjórnarformaður félagsins á þeim tíma. Ákærðu neita sök.

Ákærði Þorgeir neitaði sök á þeim forsendum að hann hafi verið forstjóri félagsins en ekki framkvæmdastjóri og sé það ekki á hans ábyrgð hvernig starfsheiti hans sé skráð hjá Fyrirtækjaskrá. Hann sé ákærður sem framkvæmdastjóri en hann hafi ekki gegnt þeirri stöðu hjá félaginu. Aldrei hafi verið ráðinn neinn

framkvæmdastjóri til félagsins.

Fyrir liggur í gögnum málsins að ákærði Þorgeir undirritaði tilkynningar til Fyrirtækjaskrár um stjórnarskipan og prókúru félagsins Riss ehf. og síðan S12 bygginga ehf. nokkrum sinnum. Var ákærði Þorgeir í öllum tilvikum tilkynntur sem framkvæmdastjóri félaganna. Þá kom fram í framburði allra ákærðu og vitna að ákærði Þorgeir starfaði sem framkvæmdastjóri félagsins þrátt fyrir að starfsheitið „forstjóri“ hafi verið í ráðningarsamningi hans. Breytir því engu hvaða starfsheiti ákærði taldi sig hafa í félaginu þar sem hann bæði gegndi þeim störfum sem framkvæmdastjóra ber að gegna auk þess að tilkynna sig og undirrita til Fyrirtækjaskrár að hann væri framkvæmdastjóri félaganna. Ber ákærði því ábyrgð sem slíkur út á við gagnvart viðsemjendum sínum og ber að hafna þessari málsástæðu ákærða Þorgeirs.

Ákærði Magnús telur sig ekki bera ábyrgð sem stjórnarformaður eftir 14. desember 2009 þar sem ákvörðun hafi verið tekin þann dag um að hann gengi úr stjórn og tilkynning um breytt stjórnarskipti hafi verið undirrituð á þeim degi. Eftir þann dag geti hann ekki borið ábyrgð sem stjórnarmaður. Að auki hafi hann ekki komið að rekstri fyrirtækisins að öðru leyti en að starfa sem framkvæmdastjóri við byggingaframkvæmdir en ekki komið neitt að fjármálastjórn.

Samkvæmt 9. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 skal tilkynna stofnun félags til hlutafélagaskrár. Félag, og þá stjórnendur þeirra, getur ekki borið ábyrgð fyrr en félagið hefur verið skráð. Af þessu leiðir að stjórnarmenn bera hvorki lögmat réttindi né skyldur fyrir hönd félags fyrr en við skráningu þess. Þá er tilkynning um breytta stjórn til hlutafélagaskrár á ábyrgð stjórnarmanna en ekki á ábyrgð hlutafélagaskrár eins og ákærði Magnús byggir á þar sem hann kvaðst ekki geta gert að því hvenær hinu opinbera valdi þóknaðist að stimpla tilkynninguna frá félaginu. Ekkert er fram komið um að tilkynningar um breytta stjórnarsetu í félaginu S12 bygginga ehf. hafi ekki verið móttæknar á þeim degi sem móttökustimpill segir til um eða 21. desember 2009. Er það á ábyrgð stjórnarmanna að koma slíkum tilkynningum til Fyrirtækjaskrár eftir að samþykktar hafa verið breytingar á stjórnnum félaga. Því bar ákærði Magnús ábyrgð, sem stjórnarformaður S12 bygginga ehf., til 21. desember 2009 en þann dag barst Fyrirtækjaskrá tilkynning um að hann væri hættur sem stjórnarformaður félagsins. Verður því að hafna þessari málsástæðu ákærða Magnúsar.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 138/1994 fer félagsstjórn með málefni félagsins og skal annast um að skipulag félags og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sé framkvæmdastjóri ráðinn fara félagsstjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins, sbr. 2. mgr. 41. gr. Í 2. mgr. segir að framkvæmdastjóri annist daglegan rekstur félagsins og skuli í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur taki ekki til ráðstafana sem séu óvenjulegar eða mikils háttar. Slíkar ráðstafanir geti framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skuli félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Í 3. mgr. segir að félagsstjórn skuli annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Ef ráðinn sé framkvæmdastjóri skuli hann sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna

félagsins sé með tryggilegum hætti.

Sú ákvörðun félagsins að láta launagreiðslur og greiðslur til birgja á umræddum tíma, sem ákært er fyrir, ganga fyrir greiðslu opinberra gjalda verður að teljast meiri háttar ákvörðun og telur dómurinn óhjákvæmilegt að slíka ákvörðun hafi orðið að taka af félagsstjórn og falli ekki undir daglegan rekstur, sbr. 2. málslið 2. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994.

Skil á virðisaukaskattsskýrslum og greiðsla samkvæmt þeim var því á ábyrgð framkvæmdastjóra auk félagsstjórnar. Þó svo að framkvæmdastjóri hafi ráðið til félagsins fjármálastjóra, bókara eða gjaldkera, getur hann aldrei firrt sig ábyrgð og borið því við að ábyrgðin sé á herðum viðkomandi starfsmanns. Ljóst er að ef viðkomandi starfsmaður fer út fyrir starfssvið sitt eða ábyrgð ber framkvæmdastjóra að taka á slíku innan fyrirtækisins, enda er ábyrgðin á herðum framkvæmdastjóra, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994.

Virðisaukaskattsskýrsla fyrir fyrir tímabilið maí-júní 2009, með gjalddaga 5. ágúst 2009, var undirrituð og skilað til innheimtumanns ríkissjóðs 25. september 2009.

Samkvæmt 27. gr. laganna skal aðili sæta álagi, sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma, til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á, sbr. 19. gr. laganna. Sama gildir ef virðisaukaskattsskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. 25. gr. hefur verið of há. Í 2. mgr. segir að álag skuli greiða fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, 1%, þó ekki hærra en 10%. Eins og að ofan hefur verið rakið, bar ákærði Þorgeir ábyrgð, sem framkvæmdastjóri, á skilum á virðisaukaskattsskýrslum og greiðslu hans.

Með sömu rökum bar ákærði Þorgeir ábyrgð á skilum á virðisaukaskattsskýrslu og greiðslu samkvæmt henni fyrir tímabilið mars-apríl 2010 en þeirri virðisaukaskattsskýrslu var skilað 7. júní 2010 án greiðslu. Inn á höfuðstól virðisaukaskattsskuldar félagsins hafa verið greiddar 5.355.456 krónur.

Báðir ákærðu Magnús og Jóhann telja sig ekki ábyrga fyrir skilum á virðisaukaskattsskýrslum og greiðslu virðisaukaskatts, á því tímabili sem ákært er fyrir, þar sem þeir hafi ekki komið nálægt fjárreiðum félagsins né rekstri fyrir utan að hafa verið starfsmenn félagsins, unnið að ákveðnum verkefnum og ekki vítað um stöðu félagsins gagnvart innheimtumanni ríkissjóðs fyrr en undir lok eða síðla árs 2010 þegar félagið fór í gjaldþrot.

Ákærði Jóhann heldur því fram að hann hafi lítið verið á fundum félagsins, stjórnarfundir hafi verið stopulir og hann sjaldan mætt á framkvæmdastjórafundi.

Eins og fram kom hjá öllum ákærðu, sem vitnið A staðfesti, voru haldnir vikulegir framkvæmdastjórafundir sem allir ákærðu sóttu ásamt fjármálastjóra. Á þeim fundum var staða félagsins almennt rædd. Meðal annars var staða við innheimtumann ríkissjóðs rædd. Vildu ákærðu Magnús og Jóhann meina að eingöngu skuldir félagsins almennt hafi verið ræddar á þessum fundum þegar fjármál voru rædd, en stöðu virðisaukaskatts eða staðgreiðslu opinberra gjalda hafi ekki borið á góma. Engar fundargerðir hafa verið lagðar fram sem styðjast mætti við. Þrátt fyrir það kom fram hjá ákærðu að vanskil virðisaukaskatts hafi byrjað í

desember 2008 og eftir það hafi félagið lent í vandræðum með að standa skil á þeim skatti. Vanskil í byrjun árs 2009 hafi verið afleiðing þess. Þá liggur fyrir og er staðfest af vitninu A og ákærða Þorgeiri að samningur við innheimtumann ríkissjóðs vegna opinberra gjalda hafi ætíð verið ræddur á þessum fundum auk þess að sú staða hafi einnig verið rædd á göngum félagsins. Þykir dóminum með ólíkindum að ákærðu hafi ekki látið vanskil á vörslusköttum, sem rædd voru á framkvæmdastjórafundum, til sín taka og haft skoðun á því hvort þessi gjöld yrðu látin hafa forgang eða ekki við ákvörðun um að láta fyrirtækið ganga áfram eða ekki. Í ljósi þess að ákærðu allir sátu framkvæmdastjórafundum vikulega, breytir það engu um að stjórnarfundir hafi verið haldnir slitrótt þar sem allir stjórnarmenn félagsins sátu umrædda framkvæmdastjórafundum og fengu sömu upplýsingar á þeim fundum og þeir hefðu fengið á stjórnarfundum.

Telur dómurinn því sannað að ákærðu hafi allir komið að daglegum rekstri félagsins og stjórnun þess sem hafi verið með þeim hætti að þeir hafi borið ábyrgð, hvort sem var á öflun verkefna, framvindu verka eða stjórnun fjármála, enda um fyrirtæki að ræða sem var eitt það stærsta á landinu í byggingariðnaði. Verður að krefjast þess af stjórnarmönnum að þeir axli ábyrgð eins og kveðið er á í lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög auk þess sem slík ákvörðun um að láta vörsluskatta mæta afgangi við greiðslu skulda af þeirri fjárhæð sem ákært er fyrir hlýtur að teljast til meiri háttar ákvarðana sem félagsstjórn sé ein bær um að taka ákvörðun um. Þó svo að tapaðar kröfur síðar meir hafi skapað innskatt hjá félaginu, þá breytir það engu um skyldu stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra að skila inn virðisaukaskattsskýrslum eins og þær eru samkvæmt bókhaldi á hverjum tíma, til innheimtumanns ríkissjóðs innan lögbundins frests.

Þá báru ákærðu því allir við að vörn þeirra hafi verið ábótavant þar sem bókhald félagsins hafi ekki fundist undir rekstri málsins og þeir því ekki, nema að mjög litlu leyti, getað sýnt fram á tapaðar kröfur og að yfirlit yfir skil á virðisaukaskattsskýrslum hjá innheimtumanni ríkissjóðs væri ekki í samræmi við bókhaldsgögn og vísuðu til þess að bókhald félagsins hafi ekki verið að finna á Þjóðskjalasafni eins og skiptastjóri þrotabúsins hafi upplýst um. Um þetta er að segja að bæði vitnin A og B staðfestu fyrir dóminum að skýrslur, sem skilað var til innheimtumanns ríkissjóðs, hafi verið unnar upp úr og byggðar á bókhaldi félagsins á hverjum tíma fyrir sig. Þá staðfestu þau einnig að bókhald félagsins hafi verið í mjög góðu ástandi og kvaðst vitnið A hafa lagt metnað sinn í að hafa bókhald félagsins í góðu ástandi þegar félagið var í rekstri. Þá sáu starfsmenn félagsins um að skila inn virðisaukaskattsskýrslum, ýmist handrituðum eða á vélrænu formi. Ákærðu hafa ekki borið brigður á þennan vitnisburð. Verður ekki séð að frekari rannsókn hefði leitt annað í ljós en ákært er fyrir. Þá hefur það engin áhrif á refsinemi verknaðar að inneign skapist eftir eindaga. Innskattur á virðisaukaskatti vegna tapaðra krafna getur ekki skapast fyrr en við útgáfu kreditreikninga og hefur engin áhrif á skil á skýrslum né greiðslu samkvæmt þeim vegna fyrri tímabila. Málsástæðum ákærðu, varðandi það að innskattur síðar hefði átt að koma til frádráttar virðisaukaskatti á því tímabili sem ákært er fyrir, er því hafnað. Þá ber ákærði Magnús því við að greitt hafi verið inn á virðisaukaskattsskuldina vegna maí-júní 2009 þann 7. ágúst 2009, 4.000.000 króna. Samkvæmt gögnum málsins var höfuðstóll virðisaukaskattsskuldar skattaðila þann dag samtals 26.438.614 krónur. Var innborguninni ráðstafað inn á þá skuld. Hefur þessi innborgun ekki áhrif á refsinemi síðbúinna skila, enda var skýrslu vegna tímabilsins maí-júní 2009 ekki skilað fyrr en 21. september 2009.

Að öllu ofangreindu virtu telur dómurinn að ákærðu allir hafi komið að daglegum rekstri félagsins, með setu sinni á vikulegum fundum, og verða ákærðu Þorgeir, Magnús og Jóhann því sakfelldir fyrir þá háttsemi sem lýst er í ákærulið 1.

### *Ákæruliður 2.*

Ákærðu Þorgeir og Magnús eru ákærðir fyrir að hafa ekki staðið skil á skilagreinum einkahlutafélagsins vegna staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma vegna greiðslutímabilanna maí, júní og júlí rekstrarárið 2009 og janúar, maí og júní rekstrarárið 2010, og hafa eigi staðið rikissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna greiðslutímabilanna maí, júní, júlí og nóvember rekstrarárið 2009 og janúar til og með júní rekstrarárið 2010, samtals að fjárhæð kr. 31.380.886, hvað varðar ákærða Þorgeir, samtals að fjárhæð kr. 16.825.575, hvað varðar ákærða Magnús, samtals að fjárhæð kr. 18.159.317, hvað varðar ákærðu X og Z og samtals að fjárhæð kr. 15.399.073, hvað varðar ákærða Jóhann Guðna, sem sundurliðast eins og kemur fram í ákæru. Ákærði Þorgeir sem framkvæmdastjóri en ákærðu Magnús og Jóhann sem stjórnarformenn á hverjum tíma. Í ákæru er afdregin staðgreiðsla ákærðu sjálfra dregin frá þeim fjárhæðum sem ákært er fyrir. Fram kom við aðalmeðferð málsins að upplýsingar og skilagreinar staðgreiðslu opinberra gjalda voru unnar samkvæmt bókhaldi félagsins á hverjum tíma.

Ákærði Þorgeir játaði sök varðandi þennan ákærulið. Er háttsemin í samræmi við gögn málsins og verður ákærði Þorgeir sakfelldur fyrir þá háttsemi eins og henni er lýst í ákæru.

Allar fjárhæðir vegna staðgreiðslu launa, sem ákært er fyrir í þessum lið, eru byggðar á skilagreinum sem félagið skilaði sjálf inn. Staðfestu vitnin A og B fyrir dómi að skilagreinar hafi verið byggðar á bókhaldi félagsins.

Eins og rakið er í ákærulið 1 sátu ákærðu Jóhann og Magnús vikulega framkvæmdarstjórnarfundum á sama tíma og þeir voru stjórnarformenn félagsins. Með sömu rökum og rakin eru í ákærulið 1 voru þeir ábyrgir fyrir skilum á skilagreinum og skilum á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda eins og virðisaukaskatti. Ákærðu voru formlega stjórnarformenn félagsins á því tímabili sem ákært er fyrir, eins og rakið er að ofan, og bera ábyrgð samkvæmt því. Ákærði Magnús hefur haldið því fram að í þeim tilvikum sem skýrslu vegna afdreginnar staðgreiðslu hafi verið skilað degi of seint geti sá dráttur ekki leitt til sakfellis. Um það er að segja að skiladagur skýrslna fyrir hvert tímabil er eindagi og brotið því fullframið þegar komið er fram yfir eindaga. Þá liggur fyrir að auki að greiðslum var ekki skilað þrátt fyrir að skilagreinar hafi borist á réttum tíma. Þá verður ekki tekið undir þá málsástæðu ákærðu að innborganir hafi átt að vera með öðrum hætti en þeim var ráðstafað af hálfu innheimtumanns rikissjóðs en greiðendur að þessu leyti geta ekki valið inn á hvaða vanskil greiðslur þeirra fara.

Ákærði Jóhann byggir sýknukröfu sína meðal annars á því að hann sem einstaklingur geti ekki borið refsíábyrgð samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, þar sem tekið sé fram í ákvæðinu að brotálýsing varði launagreiðanda refsíábyrgð en ekki sé tekið fram að hún eigi líka við um fyrirsvarsmenn. Sama sé upp á

teningnum í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988. Ákærði Jóhann hafi ekki verið launagreiðandi í þessu tilviki.

Er þessari málsástæðu ákærða Jóhanns hafnað þar sem sérstaklega er tekið fram í 44. gr. laga nr. 138/1994 að félagsstjórn fari með málefni félags. Liggur því í hlutarins eðli að ákærðu komu fram og framkvæmdu í nafni félagsins og bera refsíabýrgð samkvæmt lögum, hafi þeir brotið lög í nafni félagsins.

Þá hefur það ekki áhrif á refsinnæmi háttsemi ákærðu að afdregin staðgreiðsla opinberra gjalda hafi verið greidd til innheimtumanns ríkissjóðs síðar og sé lítið eftir af skuldinni í dag. Hafa innborganir einungis áhrif við ákvörðun refsingarinnar.

Með vísan til alls þess sem að ofan hefur verið rakið verða ákærðu allir sakfelldir fyrir þá háttsemi sem þeim er gefin að sök í þessum ákærulið.

Í ljósi dómaframkvæmda og þeirra fjárhæða sem ákært er fyrir og ákærðu hafa verið sakfelldir fyrir, er brot ákærðu talið stórfellt og réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.

#### *Ákvörðun refsingar: 0*

Ákærði Þorgeir er 54 ára að aldri. Ákærði Magnús er 64 ára og ákærði Jóhann 57 ára. Ákærðu eru allir með hreint sakavottorð. Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess hvort greitt hafi verið inn á skuldir félagsins við innheimtumann ríkissjóðs svo og annarra atvika. Ákærði Þorgeir játaði við upphaf aðalmeðferðar háttsemina samkvæmt ákærulið 2.

Inn á virðisaukaskattsskuldina, samkvæmt ákærulið 1, voru greiddar 5.355.456 krónur áður en rannsókn málsins hófst. Virðisaukaskattur fyrir tímabilið maí-júní 2009 er nú greiddur að fullu og hluti af síðara tímabilinu.

Þá er tímabilið maí 2009 vegna afdreginnar staðgreiðslu greitt að fullu. Staðgreiðsla vegna nóvember 2009 er greidd að verulegu leyti. Ákærðu krefjast þess, verði þeir fundnir sekir, að sektarfjárhæðum verði skipt á milli þeirra eins og dómaframkvæmd sé fyrir.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 50/1988 og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 skal fésektarrefsing vera allt að tífaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin og aldrei lægri en tvöföld sú fjárhæð sem ekki var skilað eða greidd samkvæmt skilagreinin. Samkvæmt 2. ml. 1. mgr. 40. gr. má fara niður úr sektarlágmarki, hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt skilagreininum, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur verið miklar.

Samkvæmt þessu má fara niður úr sektarlágmarki vegna virðisaukaskattsskýrslu fyrir tímabilið mars-apríl 2010, en henni var skilað á eindaga. Sama á við um skilagreinar vegna afdreginnar staðgreiðslu fyrir nóvember 2009 og febrúar, mars og apríl 2010.

Ákærðu hafa allir verið sakfelldir fyrir brot gegn 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 með síðari breytingum.

Með vísan til þessa verður refsing ákærða Þorgeirs ákveðin fangelsi í tólf mánuði. Refsing ákærða Magnúsar og Jóhanns er ákveðin fangelsi í átta mánuði fyrir hvorn. Brot þau sem ákærðu eru sakfelldir fyrir voru framin á árunum 2009 og 2010. Rannsókn skattranssóknarstjóra hófst í mars 2011 og var vísað til embætti sérstaks saksóknara 14. nóvember 2011. Af gögnum málsins má ráða að rannsókn embættisins hafi verið lokið um mitt ár 2012. Ákæra var síðan gefin út 10. apríl 2013. Hafa þessar tafir ekki verið skýrðar. Tafir málsins undir rekstri þess fyrir dómi eru tilkomnar vegna fresta er ákærðu fengu til að afla gagna sem hvorki skiluðu árangri né hefðu haft þýðingu fyrir úrlausn málsins. Þrátt fyrir það, með hliðsjón af því hversu langt er um liðið, þykir dóminum rétt að skilorðsbinda refsingu ákærðu þannig að hún falli niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður ákærðu gert að greiða fésektir þannig að ákærði Þorgeir skal greiða 44.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæta ella fangelsi í 360 daga. Ákærði Magnús skal greiða 22.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæta ella fangelsi í 300 daga. Ákærði Jóhann skal greiða 22.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæta ella fangelsi í 300 daga.

Að þessum niðurstöðum fengnum ber að dæma alla ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar sem eru málsvarnarlaun skipaðra verjenda þeirra þannig:

Ákærði Þorgeir greiði verjanda sínum, Jóni Sigfúsi Sigurjónssyni hdl., 1.380.500 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ákærði Magnús greiði verjanda sínum, Bjarka Þór Sveinssyni hdl., 1.380.500 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ákærði Jóhann greiði verjanda sínum, Björgvini Jónssyni hrl., 1.380.500 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvalds flutti mál þetta Þorbjörg Sveinsdóttir fulltrúi.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

## **DÓMSORÐ.**

Ákærði Þorgeir Jósefsson sæti fangelsi í tólf mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Þorgeir greiði 44.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði Þorgeir greiði allan sakarkostnað, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Sigfúsar Sigurjónssonar hdl., 1.380.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Magnús Jónsson sæti fangelsi í átta mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Magnús greiði 22.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 300 daga.

Ákærði Magnús greiði allan sakarkostnað, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Bjarka Þórs Sveinssonar hdl., 1.380.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Jóhann Guðni Hlökkversson sæti fangelsi í átta mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Jóhann greiði 22.000.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 300 daga.

Ákærði Jóhann greiði allan sakarkostnað, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Björgvins Jónssonar hrl., 1.380.500 krónur.

Ástríður Grímsdóttir.

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 10.3. 2014.